

Kynning verkefnis

Efnisyfirlit

- 1 Kynning verkefnis
- 2 Markmið
- 2 Starfsemi
- 3 Niðurstöður
- 3 Leiðbeiningar um aðferðafræði
- 3 Fyrsti fjölþjóðlegi
- 4 Samstarfsaðilar
- 4 Næstu skref

Meginmarkmið verkefnisins "Heritage in Motion", HeiM, er að efla og auka þekkingu íbúa landa samstarfsaðilanna í verkefninu á menningararfi þeirra sem og á evrópska menningararfinum. Til þess að ná fram markmiðinu þarf að beina sjónum að menningararfinum og vekja athygli á þeim gildum sem í honum felast. Verkefnið mun einnig styrkja og auka vitund um tilgang evrópska menningararfsársins (The European Year of Cultural Heritage (ákvörðun [ESB] 2017/864) og hvetja fólk til að kanna evrópska menningararfinn og með því, styrkja tilfinningu þeirra á að það sé hluti af Evrópu.

Í verkefninu eru þróaðar og útfærðar nýjar aðferðir í fullorðinsfræðslu þar sem tekið er tillit til og metin reynsla og færni fólks yfir fimmtugt. Aðferðirnar eru bæði uppbyggjandi og til þess fallnar að efla hæfni þessa hóps til að læra af verkefninu með notkun upplýsingatækni (ICT) þar sem við trúum því að í nútímapjóðfélagi gegni upplýsingatækni og stafræn tækni lykilhlutverki. Með því að leggja áherslu á upplýsinga- og stafræna tækni er þessum hóp sem komin er yfir fimmtugt, gert kleift að halda við færni sinni og vera hvattir til þess að vera áfram virkir í þjóðfélaginu. Verkefnið getur líka stuðlað að samheldni og skilningi milli kynslóða.

Með nýstárlegum aðferðum og notkun upplýsingatækni þá mun vinna við HeiM verkefnið leiða til meiri félagslegrar samþættingar fyrir fullorðna og bæta fjölmennningarlegan skilning, eins og lagt er til í Erasmus+ áætluninni.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Meginmarkmið verkefnisins
"Heritage in Motion" er að
efla og auka þekkingu íbúa
landa samstarfsaðilanna í
verkefninu á menningararfi
þeirra sem og á evrópska
menningararfinum.

Verkefnið tengir og dregur
fram evrópskan
menningarauð og gildi
menningarlegs
fjölbreytileika.

Markmið

Meginmarkmið HeiM verkefnisins er að efla þau gildi sem felast í evrópska menningararfinum hjá fólki sem komið er yfir fimmtugt. Þetta evrópska sjónarhorn er mikilvægt á tvennan hátt; annars vegar samvinna á evrópskum vettvangi milli samstarfsaðila og hins vegar að miðla, senda og uppgötva sameiginlega menningararf þessa hóps. Þannig vinnur þessi aldurshópur að evrópskri arfleifð og veitir öðrum aðgang að henni. Verkefnið dregur því fram evrópskan menningarauð og gildi menningarlegs fjölbreytileika.

Starfsemi

GREINING OG RANNSÓKN

Greina og kortleggja hugsanlegar auðlindir menningararfs fyrir fólk yfir fimmtugt. Niðurstaðan mun endurspeglar verðmæti menningararfsins í löndum samstarfsaðila HeiM verkefnisins.

ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

Kynna og innleiða nýjar aðferðir við þjálfun fullorðinna með tvíþættu markmiði; annars vegar að hvetja leiðbeinendur til að nota ný verkfæri; og hins vegar að þjálfa fólk yfir fimmtugt í nýrri færni. Eftir þjálfun munu nemendur hafa náð nauðsynlegri þekkingu og færni til að útbúa virkar og aðgengilegar leiðir að menningararfinum.

RANNSÓKNARLEIÐIR

Undirbúa mismunandi leiðir að menningararfinum í hverju landi samstarfsaðilanna sem verða birtar á vefsíðu HeiM verkefnisins til þess að auðvelda aðgengi að rannsóknnum sem löndin standa fyrir.



Nýjar aðferðir við þjálfun
fullorðinna verða innleiddar í
þessum áfanga.

Niðurstöður

Þess er vænst að þegar lokið er við að skilgreina virku leiðirnar og gera þær aðgengilegar muni það auk áhuga fólks sem komið er yfir fimmtugt á að heimsækja og kanna evrópska menningararfinn.

Handbók með leiðbeiningum um aðferðarfræði

Leiðbeiningar um hvernig skal skrá menningararfinn og leiðir að honum verður að finna í handbók sem hægt er að hlaða niður af vefsíðu verkefnisins og munu verða tiltækar til notkunar í hvaða landi Evrópu sem er. Að auki verða skilgreindar nauðsynlegar leiðbeiningar og tillögur um hvernig megi innleiða þær í öðrum stofnunum.

Ennfremur mun innleiðingin, sem lýst er í handbókinni ekki aðeins hjálpa fólki sem komið er yfir fimmtugt heldur mun hún einnig fræða yngri kynslóðir um menningararfinn því að með innleiðingunni gefst fólki yfir fimmtugt tækifæri til þess að deila sögu sinni, þekkingu og reynslu á virkan hátt með öðrum í samfélaginu.

Handbók með leiðbeiningunum mun fjalla um:

- Nýjar aðferðir við þjálfun fólks sem komið er yfir fimmtugt.
- Evrópska menningararfinn og mikilvægi hans fyrir r fólk yfir fimmtugt.
- Sameiginlega arfinn: Hvernig fólk yfir fimmtugt verði túlkar menningararfsins.
- Virkar og heilsueflandi leiðir að evrópska menningararfinnum.
- Tillögur um aðferðir.

Fyrsti fjölþjóðlegi

Fyrsti fjölþjóðlegi fundur verkefnisins var haldinn 21. og 22. nóvember 2018



Þess er vænst að skilgreindu leiðirnar hvetji og auki um leið áhuga fólks sem komið er yfir fimmtugt til að heimsækja og kanna evrópska menningararfinn



Samstarfsaðilar

Permanent University of the University of Alicante Spain

Tengiliður: Marian Alesón Carbonell
upua.internacional@ua.es
web.ua.es/upua



U3A Reykjavík Iceland

Tengiliður: Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir
Ingibjorg.rannveig@gmail.com
www.u3a.is



Towarzystwo Demokratyczne Wschód Poland

Tengiliður: Aleksandra Kujawska
akujawska@tdw.org.pl
www.tdw.org.pl



Pucko otvoreno uciliste Zagreb Croatia

Tengiliður: Tihomir Žiljak
tihomir.ziljak@pou.hr
www.pou.hr



Næstu skref

SÉRFRÆÐINGANEFNDIR

Hver samstarfsaðili mun eiga fund með nefnd sérfræðinga til þess að meta markmið og aðferðafræði og finna hverjir skulu taka þátt í því.

KORTLAGNING

Gögnum verði safnað um hugsanlegan menningararf fyrir fólk sem komið er yfir fimmtugt. Niðurstöðurnar munu sýna núverandi aðstæður menningararfsins í löndum samstarfsaðila fyrir evrópska borgara sem komnir eru yfir fimmtugt.

<https://www.heimheritage.eu/>